

Mánudaginn hinn 28. septembermánaðar.  
 Nr. 41/1908. Réttvísinn

gegn  
 Guðjóni Ágúst Jónassyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Eydafjarðarsýslu, uppkveðnum 16. apríl þ. á., var ákærði Guðjón Ágúst Jónasson í Ytra-Tjarnarkoti samkvæmt 250. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 dæmdur til að sæta 6 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til svaramanns síns cand. jur. Björns Líndal, 6 krónur. En dómi þessum hefir af réttvísinnar hálfu verið skotið til yfirdóms.

Samkvæmt játningu ákærða og öðrum skýrslum eru atvik málsins þessi: Ákærði var í þjónustu gisti-hússins »Hotel Oddeyri« á Akureyri í fyrra vor og hafði þar á hendi umsjón yfir heyi og hesthúsi. Hinn 8. júní f. á. átti maður einn, er gist hafði á hótelinu, að greiða ákærða fyrir hýsing hesta sinna 2 kr. 70 a. og fekk hann ákærða í því skyni bankaseðil samanbrotinn, sem hann ætlaðist til að væri 5 króna seðill og ákærði því einnig hugði svo vera. Ákærði fór með seðilinn til að fá honum skift, en það kom þá í ljós, að þetta var 50 króna seðill. Samt sem áður skilaði ákærði manningnum að eins 2 kr. 30 a., en tók 45 kr. af seðilupphæðinni til sjálfs sín. Maðurinn, sem seðilinn hafði átt, varð ekki var við misgripin fyr en nokkrum dögum seinna, er hann var kominn heim til sín, en þá sá hann þegar í stað, að ákærði myndi hafa

fengið 50 kr. seðil hjá sér, þar sem hann ætlaði að fá honum að eins 5 kr. seðil, og kærði hann þá ákærða fyrir tiltækið, en ákærði jataði þegar brot sitt, og skilaði aftur þeim 45 kr., er hann hafði dregið sér.

Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og hefir hann áður með aukaréttardómi Eyjafjarðarsýslu 10. júní 1892 verið dæmdur fyrir einfaldan þjófnað í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Afbrot það, er hann nú hefir orðið sekur um, ber að heimfæra undir 259. gr. sbr. 253. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin, eins og gjört er í aukaréttardóminum, 6 daga fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi, og þar sem málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast einnig, ber að staðfesta dóm þennan. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

#### Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.